



## Samtal stjórnar Grænu Orkunnar og stjórnvalda

### Minnispunktur til meðlima GO

Stjórn Grænu Orkunnar fundaði nýlega með fulltrúum innanríkisráðuneytisins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins til að fylgja eftir uppfærðri áætlun í loftslagsmálum. Á fundinum kom stjórn Grænu Orkunnar á framfæri þeim sjónarmiðum að staða mála væri afar slæm varðandi aðgerðir, ívilnanir og fyrirsjáanleika þegar kemur að innleiðingu vistvænna samgangna. Það hafi um árabíl verið helsta baráttumál hagaðila sem vinna að þeim málum hér á landi.

Þá kom fram á fundinum að fátt bendi til þess að þær aðgerðir sem listaðar eru í uppfærðri aðgerðaráætlun í loftslagsmálum muni koma til framkvæmda í nánustu framtíð. Á fundinum var upplýst að hvert ráðuneyti hafi fengið aðgerðir og umsagnir (úr Samráðsgátt) til yfirferðar og samræmingar. Í kjölfarið muni hvert ráðuneyti skila forgangsröðun aðgerða til umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytisins. Þegar öllu hefur verið safnað saman verði tíma-, og kostnaðaráætlanir yfirfarnar og þá loks verður gerð innleiðingaráætlun sem eigi að vera samræmd á milli ráðneyta og vonandi fjármögnuð.

Eins og sjá má á þessari yfirferð er ljóst að þetta mun taka talsverðan tíma. Í uppfærðri aðgerðaráætlun er fjöldi góðra tillaga en því miður er í dag lítill sem enginn fyrirsjáanleiki. Hvorki liggur fyrir hversu há upphæð mun renna til stuðnings við kaup á losunarfríum bifreiðum, né styrkir til stærri tækja, trukka, almenningsvagna, rúta, o.s.frv., þó búast megi við því fyrir áramót alla vega hvað varðar árið 2025. Að mati stjórnar Grænu Orkunnar er þetta bagalegt þar sem fyrirsjáanleiki er afar mikilvægur enda eru ákvarðanir um kaup á slíkum tækjum teknar með löngum fyrirvara.

Stjórn Grænu Orkunnar áréttaði að staða orkuskipta væru í nokkru frosti. Sala losunarfríra bíla hefði minnkað verulega, fyrirtæki væru afar hikandi að kaupa stærri tæki og lítið sem ekkert væri að gerast í haftengdri starfsemi og vistvæns eldsneytis. Tíminn líður og skuldbindingar þjóðarinnar varðandi losun séu að verða fjarlægur draumur. Áhuginn er hins vegar all nokkur víða í samfélaginu en það sé afar mikilvægt að koma á fyrirsjáanleika aðgerða til að boltinn fari að rúlla. Vegna þessa áhuga er líklegt að hægt sé að hraða orkuskiptum aðeins með auknum fyrirsjáanleika. Græna Orkan og fjöldi annarra hagaðila hafa kynnt fyrir stjórnvöldum einfaldar aðgerðir, sem ekki kosta mikla fjármuni, sem gætu haft umtalsverð áhrif og markað vel í samdrátt. Með samhentum átaki og góðum fyrirsjáanleikaer hægt að ná mun meiri og hraðari árangri.

Stjórn Grænu Orkunnar mun halda áfram að ýta á að koma aðgerðum í gang sem allra fyrst og mun fylgja málum eftir þegar ný ríkisstjórn hefur verið komið á laggirnar.

f.h. stjórnar,  
Guðmundur Ingi Þorsteinsson, formaður

og f.h. skrifstofu GO,  
Jón Björn Skúlason